STRÁKUR 10011 (IS1366501-0264)

nautsfaðir

FÆDDUR 20. janúar 2010
RÆKTANDI: Hallur Pálsson, Naustum, Eyrarsveit

Strákur 10011. Dökkbröndóttur, kollóttur

- **Pontíus 02028** 200213608710028
  - **Punktur 94032** 199416682710032
  - **Ólína 202, Tröð** 199613608710202
- **Hvönn** 200213665010161
  - **Kaðall 94017** 199413787410017
  - **Mána 127** 199813665010127

LÝSING/DÆTUR

Dætur Stráks eru miklar mjólkurkýr með efnahlutföll í mjólk um meðallag. Þetta er fremur stórar og háfættar kýr, boldýpt og útlögur eru í minna lagi en yfirlína mjög sterk. Malirnar eru grannar, nokkuð beinar og flatar. Fótstaða er bein og sterk. Júgurgerðin er góð, festa um meðallag en júgurband nokkuð áberandi og júgrin vel borin. Spenar eru vel gerðir, hæfilega stuttir og grannir en eilítið gleitt settir. Mjaltir eru úrvalsgóðar, lítið um galla í mjöltum og skapið er í meðallagi.

UM MÓÐUR:

Hvönn 161, fædd í mars 2002 á Naustum í Eyrarsveit. Bröndótt, kollótt. Fargað í ágúst 2012. Bar fyrst í september 2004 og sex sinnum eftir það, síðast í apríl 2011. Færði burð aðeins fimmta kálfi en hélt annars nokkuð nokkuð reglulegum burðartíma. Skráðar æviafurðir eru 58.857 kg. Mestar afurðir á einu ári voru 9.366 kg (2007) með fituhlutfall 4,17% og próteinhlutfall 3,50%.

ÚTLITSDÓMUR

84 stig	
Júgur og lögun	**8**
Júgursk. og festa	**9**
Staðs. sp. og lengd	**8**
Lögun og gerð sp.	**9**
Mjaltir	**18**
Skap	**5**
Kynbótaeinkunn	**104**
Afurðir	**105**

Algengasti grunnlitur	**Bröndóttir**
Einlitar/Tvílitar	**87/13%**
Algengasti tvílitur	**Huppóttur**
Gráir litir	**Nei**
Hyrnd afkvæmi	**Já**

MJALTAATHUGUN

Fjöldi dætra með mjaltaathugun: 89

Lekar	**6%**
Mjólkast seint	**7%**
Selja illa	**2%**
Mismjólkast	**8%**
Skapgallaðar	**12%**

Mikil afurðageta

Vinsælar kýr

Góðar mjaltir



DRANGI 10031 (IS1524291-0842)

FÆDDUR 15. apríl 2010
RÆKTANDI: Gljúfrabúi ehf., Bakka, Öxnadal

Drangi 10031. Dökkbröndóttur, kollóttur.

Glæðir 02001
200216673510001

- **Völsungur 94006**
  199415348010006
- **Fluga 254, Dalbæ**
  199716673510254

Mjöll 501
200515242910501

- **Ás 020481**
  200216530710048
- **Silla 373, Ytri-Bægisá**
  199915242910373

LÝSING/DÆTUR

Dætur Dranga eru í góðu meðallagi mjólkurlagnar og próteinhlutfall um meðalal en fituhlutfall lágt. Þetta eru fremur stórar og háfættar kýr, boldýpt og útlögur eru í meðallagi en yfirlína mjög sterk. Malirnar eru meðalbreiðar, beinar en aðeins þaklaga. Fótstaða er bein, aðeins þröng og hallandi um klaufir. Júgurgerðin er mjög góð, júgurfesta mikil, júgurband mjög áberandi og júgrin vel borin. Spenar eru prýðilega gerðir, aðeins langir og þykkir og eilítið gleitt settir. Mjaltir eru um meðallag, lítið um galla í mjöltum og skapið er gott.

UM MÓÐUR:

Mjöll 501, fædd í mars 2005 á Bakka í Öxnadal. Dökkkolgrönótt, kollótt. Fargað í október 2012. Bar fyrst í febrúar 2008 og fjórum sinnum eftir það, síðast í júlí 2012. Færði burð aðeins á síðasta kálfi en hélt annars nokkuð reglulegum burðartíma. Skráðar æviafurðir eru 26.226 kg. Mestar afurðir á einu ári voru 6.039 kg (2008) með fituhlutfall 4,00% og próteinhlutfall 3,40%.

ÚTLITSDÓMUR

	83 stig
JÚGUR OG LÖGUN	**9**
JÚGURSK. OG FESTA	**9**
STAÐS. SP. OG LENGD	**8**
LÖGUN OG GERÐ SP.	**8**
MJALTIR	**17**
SKAP	**5**
KYNBÓTAEINKUNN	**99**
AFURÐIR	**101**

ALGENGASTI GRUNNLITUR	**Bröndóttir**
EINLITAR/TVÍLITAR	**63/37%**
ALGENGASTI TVÍLITUR	**Huppóttur**
GRÁIR LITIR	**Nei**
HYRND AFKVÆMI	**Já**

MJALTAATHUGUN

FJÖLDI DÆTRA MEÐ MJALTAATHUGUN: 104

LEKAR	**1%**
MJÓLKAST SEINT	**11%**
SELJA ILLA	**4%**
MISMJÓLKAST	**10%**
SKAPGALLAÐAR	**4%**

Lágt fituhlutfall

Góð júgurgerð og júgurhreysti

Gott skap



FOSSDAL 10040 (IS1527241-0726)

FÆDDUR 12. júní 2010
RÆKTANDI: Sæmundur Sigtryggsson, Merkigili, Eyjafirði

Fossdal 10040. Dökkkolóttur m/lauf í enni, kollóttur.

Glæður 02001
200216673510001

- **Völsungur 940061**
  199415348 010006
- **Fluga 254, Dalbæ**
  199716673510254

Fossa 476
200415272410476

- **Hamar 94009**
  199416390410009
- **Bót 265**
  199615272410265

LÝSING/DÆTUR

Dætur Fossdals eru mjólkurlagnar með próteinhlutfall í mjólk í góðu meðallagi en fituhlutfall fremur lágt. Þetta eru stórar og háfættar kýr, boldýpt og útlögur eru í meðallagi en yfirlína aðeins veik. Malirnar eru meðalbreiðar, nokkuð beinar og flatar. Fótstaða er bein og sterkleg en aðeins þröng. Júgurgerðin er úrvalsgóð, júgurfesta gríðarlega mikil, júgurband mjög áberandi og júgrin sérlega vel borin. Spenar eru mjög vel gerðir, hæfilega grannir og stuttir og ákaflega vel settir. Mjaltir eru í tæpu meðallagi og lítið er um galla í mjöltum. Skapið er gott.

UM MÓÐUR:

Fossa 476, fædd í janúar 2004 á Merkigili í Eyjafirði. Dökkkolótt, kollótt. Fargað í apríl 2012. Bar fyrst í september 2006 og fjórum sinnum eftir það, síðast í október 2011. Færði burð ávallt um 2-4 mánuði. Skráðar æviafurðir eru 49.222 kg. Mestar afurðir á einu ári voru 12.236 kg (2008) með fituhlutfall 4,17% og próteinhlutfall 3,20%.

ÚTLITSDÓMUR	84 stig
JÚGUR OG LÖGUN	9
JÚGURSK. OG FESTA	8
STAÐS. SP. OG LENGD	9
LÖGUN OG GERÐ SP.	8
MJALTIR	18
SKAP	4
KYNBÓTAEINKUNN	106
AFURÐIR	100

ALGENGASTI GRUNNLITUR	**Rauður**
EINLITAR/TVÍLITAR	**47/53%**
ALGENGASTI TVÍLITUR	**Skjöldóttur**
GRÁIR LITIR	**Já**
HYRND AFKVÆMI	**Já**

MJALTAATHUGUN

FJÖLDI DÆTRA MEÐ MJALTAATHUGUN: 82

LEKAR	**0%**
MJÓLKAST SEINT	**11%**
SELJA ILLA	**5%**
MISMJÓLKAST	**11%**
SKAPGALLAÐAR	**5%**

Miklar afurðir en fitu% neðan meðallag

Frábær júgurgerð og vel settir spenar

Gott skap en mjaltir í tæpu meðallagi



BÆTIR 10086 (IS1668111-0293)

FÆDDUR Fæddur 8. desember 2010
RÆKTANDI: Páll Jóhannsson, Núpstúni, Hrunamannahreppi

Bætir 10086. Rauður, kollóttur.

Síríus 02032
200213594110032

Kaðall 94017
199413787410017

Móna 157, Leirulækjarseli
199613594110157

Bót 237
200716681110237

Söðull 050011
200513438610167

Dröfn 174
200416681110174

LÝSING/DÆTUR

Dætur Bætis eru mjólkurlagnar með próteinhlutfall í mjólk meðallagi og fituhlutfall fremur hátt. Þetta eru meðalstórar og nokkuð háfættar kýr, boldýpt og útlögur eru í tæpu meðallagi og yfirlína aðeins veik. Malirnar eru meðalbreiðar, nokkuð beinar og flatar. Fótstaða er bein og sterkleg og fremur gleið. Júgurgerðin er mjög góð, júgurfesta mikil, júgurband áberandi og júgrin mjög vel borin. Spenar eru vel gerðir, hæfilega grannir og stuttir og prýðilega settir. Mjaltir eru mjög góðar og lítið er um galla í mjöltum. Skapið er úrvalsgott.

UM MÓÐUR:

Bót 237, fædd í apríl 2007 í Núpstúni í Hrunamannahreppi. Rauð, kollótt. Fargað í ágúst 2012. Bar fyrst í janúar 2010 og tvisvar sinnum eftir það, síðast í mars 2012. Hélt nokkuð reglulegum burðartíma. Skráðar æviafurðir eru 23.524 kg. Mestar afurðir á einu ári voru 9.198 kg (2010) með fituhlutfall 3,98% og próteinhlutfall 3,34%.

ÚTLITSDÓMUR — 84 stig

Júgur og lögun	**8**
Júgursk. og festa	**8**
Staðs. sp. og lengd	**8**
Lögun og gerð sp.	**9**
Mjaltir	**18**
Skap	**5**
Kynbótaeinkunn	**111**
Afurðir	**119**

Algengasti grunnlitur	**Rauður**
Einlitar/Tvílitar	**68/32%**
Algengasti tvílitur	**Huppóttur**
Gráir litir	**Já**
Hyrnd afkvæmi	**Já**

MJALTAATHUGUN

Fjöldi dætra með mjaltaathugun: 84

Lekar	**5%**
Mjólkast seint	**5%**
Selja illa	**2%**
Mismjólkast	**10%**
Skapgallaðar	**6%**

Góð afurðageta

Góð júgurgerð

Góðar mjalir og frábært skap